

Fimmtudaginn 3. október 1991.

Nr. 390/1991. **Alda Árnadóttir**
og Fjóla Guðmundsdóttir
 gegn
Kreditkortum hf.

Kærumál. Gagnaöflun. Víxill.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Sóknaraðilar hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 12. júlí 1991, sem barst Hæstarétti 27. september s.á. Kærður er úrskurður bæjarþings Reykjavíkur frá 1. júlí 1991, sem kveðinn var upp af Sigrúnu Benediktsdóttur, fulltrúa yfirborgardómara.

Sóknaraðilar krefjast þess, að hinum kærða úrskurði verði hrundið og lagt fyrir héraðsdómarann að leyfa skýrslutöku vitna og leggja til grundvallar úrlausn málsins skjöl nr. 12-19 ásamt öðrum gögnum þess. Jafnframt er krafist kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst þess, að hafnað verði kröfum sóknaraðila um, að Gunnar Bæringsson framkvæmdastjóri, Skipasundi 83, og Finn- björn Agnarsson deildarstjóri, Jörfabakka 16, báðir í Reykjavík, verði leiddir sem vitni í málinu. Þá er þess krafist, að dóm skjöl nr. 12-19 fái ekki komist að í málinu. Enn fremur er krafist málskostnaðar í héraði svo og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili höfðaði mál þetta í héraði til heimtu tryggingarvísils, sem samþykktur er af Lilju Júlíusdóttur, en útgefinn af sóknaraðila, Öldu Árnadóttur, og ábektur af henni og sóknaraðila Fjólu Guðmundsdóttur. Vixileyðublaðið var afhent varnaraðila vegna notkunar samþykkjanda á Eurocard-greiðslukorti. Við vixileyðublaðið er fest skjal, þar sem fram kemur umboð til handa varnaraðila til að fylla það út sem víxil að öðru leyti en varðar nafnritun áður- nefndra aðila, komi til vanskila samþykkjanda á útteknum greiðslum samkvæmt greiðslukortinu. Umboð þetta er dagsett 23. nóvember 1988. Vixillinn er svo eftir efni sínu útgefinn 17. maí 1990.

Efnisvarnir sóknaraðila byggjast á því í héraði, að umboð til að fylla vixileyðublaðið út hafi fallið niður 23. nóvember 1989, þar sem

þá hafi ár verið liðið, frá því að umboðið var gefið út, sbr. 34. gr. víxillaga nr. 93/1933 með lögjöfnun. Þá byggja þeir á því, að varnaraðila hafi skort umboð til að fylla víxileyðublaðið út á þann hátt, sem hann gerði. Auk þess hafi sóknaraðilar afturkallað umboðið til varnaraðila, og séu úttektir Lilju Júlíusdóttur eftir þann tíma þeim óviðkomandi. Að lokum halda þeir því fram, að víxillinn uppfylli ekki þær formkröfur, sem gera verði til víxla af þessum toga.

Á bæjarþingi 20. júní sl. lögðu sóknaraðilar fram skjöl nr. 7-19, sem eru kvaðningar til fyrirsvarsmanna varnaraðila, þeirra Gunnars Bæringssonar framkvæmdastjóra og Finnbjörns Agnarssonar deildarstjóra um að koma fyrir dóm, viðvaranir varnaraðila til Lilju Júlíusdóttur varðandi reikning hennar, innköllun hans svo og útskriftir.

Varnaraðili mótmælti strax framlagningu framangreindra skjala á þeim forsendum að þau hafi ekki þýðingu fyrir mál þetta, sem rekið er að hætti 17. kafla laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, sbr. 208. gr. þeirra laga. Þá mótmælti hann sérstaklega kvaðningu þeirra vitna, sem að framan getur, væri það ætlunin að spyrja þau um efnisatriði, er ekki hafa þýðingu í víxilmáli.

Deiluefni það, sem að framan er lýst, var tekið til frekari meðferðar í héraði 27. júní sl. og úrskurðað 1. júlí sl., svo sem að framan greinir. Úrskurðarorð héraðsdómarans eru eftirfarandi: „Skýrslutaka vitna verður ekki leyfð. Skjöl málsins nr. 12-19 hafa ekki þýðingu í máli þessu.” Forsendur hans fyrir þesari niðurstöðu eru þær, að sóknaraðilar hafi ekki fært fram varnir, sem komist að í víxilmáli samkvæmt 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Sóknaraðilar hafa kært þennan úrskurð til Hæstaréttar, og er hann hér til meðferðar.

Það athugast, að Gunnar Bæringsson er titlaður framkvæmdastjóri varnaraðila og hefur því aðilastöðu í málinu. Finnbjörn Agnarsson er titlaður deildarstjóri og getur því einnig haft aðilastöðu, sé hann fyrirsvarsmaður varnaraðila varðandi viðskipti þau, er hér um ræðir. Í héraði nefna málflutningsmenn og dómari þá vitni án fyrirvara.

Kæruheimild er í f-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 um Hæstarétt Íslands.

Varnir þær, sem uppi eru hafðar í héraði af sóknaraðilum, lúta

að útfyllingu varnaraðila á vixlinum, sbr. 10. gr. vixillaga nr. 93/1933, og umboði hans til þess. Varnir þessar komast að í vixilmáli samkvæmt 2. mgr. 208. gr. laga um meðferð einkamála í héraði. Ber því að fella hinn kærða úrskurð úr gildi. Skjöl nr. 12-19 komast því að í málinu, og heimilt er að leiða þá Gunnar Bæringsson og Finnbjörn Agnarsson fyrir dóm til að spyrja þá um atriði, er varða útfyllingu vixileyðublaðsins og viðfest umboð.

Kærumálskostnaður fellur niður.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Heimilt er að leiða Gunnar Bæringsson og Finnbjörn Agnarsson fyrir dóm. Skjöl nr. 12-19 komast að í málinu.